



Alþingi

Erindi nr. P 131/1453

komudagur 20.4. 2005

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2005

2005040112/91/SG/gh

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rétt til að flýta starfslokum og töku lífeyris.

Óskað er eftir umsögn um þingsályktunartillögu um rétt til að flýta starfslokum manna og töku lífeyris.

Afstaða Landlæknismbættisins til þessa máls byggist fyrst og fremst á faglegum sjónarmiðum enda hefur embættið ekki tök á að meta kostnaðinn við málið og hans er ekki getið í greinargerð. Á Íslandi er atvinnuþátttaka fólks yfir 65 ára mun meiri en í flestum eða öllum þróuðum löndum, t.d. ef horft er til OECD landa eru tæplega 44% karla yfir 65 ára vinnandi á Íslandi, 37% karla í Japan, 15% í Noregi, 5% í Danmörku. Sé litið til kvenna eru tæplega 32% 65 ára kvenna og eldri vinnandi á Íslandi, tæplega 16% í Japan, 9% í Noregi og innan við 1% í Danmörku. Þessar upplýsingar eru í reynd jákvæðar og lúta að virkni eldra fólks og styrk þess. Hins vegar fer þeim röddum fjölgandi sem líta svo á að sveigjanlegur eftirlaunaaldur sé líka heilbrigður og stuðli að aukinni lífsánægju rétt eins og vinnusemi getur einnig gert. Hér gildir það að sjálfsögðu að veldur sá sem á heldur. Atvinnutekjur fara vaxandi á Íslandi og þeim fer fjölgandi sem æskja þess að geta notið tómtunda og frístunda áður en heilsan bilar. Mér er þó ekki kunnugt um að tölulegar upplýsingar liggi fyrir um þetta mál en þessar raddir fara hækkandi.

Því er einsýnt að full ástæða er til að styðja þessa tillögu, þung rök eru fyrir því að málið verði kannað hið minnsta.

Virðingarfyllt,


Sigurður Guðmundsson
landlæknir